

2. Íslenska ríkisstjórnin mun leyfa innflutning á sænskum vörum með tilliti til þess, hvað Svíþjóð kaupir af íslenskum vörum og með hliðsjón af venjulegum útflutningshagsmunum Svíþjóðar.

3. Samningsaðilar eru sammála um að athuga alla möguleika á auknum vöru- skiptum á gildistíma þessarar bókunar með veitingum innflutnings- og útflutningsleyfa gagnkvæmt.

Stokkhólmi, 31. marz 1952.

Fyrir ríkisstjórn Íslands:

Helgi P. Briem.

Fyrir ríkisstjórn Svíþjóðar:

Östen Undén.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 19. apríl 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

Stjórnartíðindi 1952, A. 4.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

48

15. maí

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð oss, að hann telji nauðsynlegt að breyta ákvæðum þeim, sem gilda um hámarksvexti af fasteignaveðslánum og handveðslánum samkvæmt lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Í byrjun aprilmánaðar voru innlánsvextir og almennir útlánsvextir Landsbanka Íslands og ýmissa annarra lánsstofnana hækkaðir allmikið. Hækkun innlánsvaxtanna getur valdið ýmsum lánsstofnunum erfiðleikum, nema tilsvarendi hækkun útlánsvaxta komi á móti, og er því nauðsynlegt að breyta 2. gr. fyrrnefndra laga þannig, að heimilt skuli að taka sömu ársvexti og Landsbanki Íslands reiknar af lánunum, sem tryggð eru með veði í fasteign eða handveði, þó ekki yfir 7%.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

2. gr. laga nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. orðist svo: Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða handveði, skal frjálst að taka af henni

48 í ársvexti allt að 6 af hundraði. Nú áskilur Landsbanki Íslands sér hærri vexti af  
15. maí slíkum lánum og er þá öðrum einnig heimilt að semja um hærri ársvexti en 6%,  
þó ekki yfir 7%. Aldrei má samt taka hærri vexti samkvæmt þessari heimild en  
Landsbanki Íslands reiknar sér á sama tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.**  
(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

49

30. maí

## AUGLÝSING

um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 15. maí 1952 var undirritaður í Prag viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu, er gildir frá 1. maí 1952 til 30. apríl 1953.

Samkvæmt samningi þessum er gert ráð fyrir, að Íslendingar selji Tékkum fryst fiskflök og nýja og frysta síld, en á móti er gert ráð fyrir kaupum á vefnaðarvörum, gúmmískófatnaði, pappír, gleri, sildartunnum, járnvörum, sykri, haframjöli og fleiri vörum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánrikisráðuneytið, hinn 30. maí 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

50

9. júní

## AUGLÝSING

um loftferðasamning milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 3. júní 1952 var undirritaður í Reykjavík loftferðasamningur milli Íslands og Svíþjóðar. Samningurinn gekk í gildi við undirritun.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánrikisráðuneytið, 9. júní 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*